



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 26. janúar, 2016

Ákvörðun nr. 3/2016

Kaup Rekstrarfélagsins Klettagarða ehf. á öllu hlutafé í Áltaki ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 27. nóvember 2015 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Rekstrarfélagsins Klettagarða ehf. á öllu hlutafé í Áltaki ehf. Sama dag barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Greiðsla samrunagjalds var einnig innt af hendi þann sama dag.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið hér.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Rekstrarfélagið Klettagarðar ehf. er félag sem stofnað var í þeim tilgangi að fara með hluti í Áltaki ehf. Félagið er í 100% eigu Akso ehf. sem fer einnig með 100% hlut í S. Guðjónssyni ehf. sem og 99,9% hlut í Johan Rönning ehf. 0,1% hlutur í Johan Rönning ehf. er svo í eigu einstaklings sem á einnig 50% hlut í Akso ehf. á móti 50% hlut annars einstaklings.

1. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Í ljósi



hagfræðilegra raka skal líta á viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- og þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í kafla 7 við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðnum.“

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna segir svo um landfræðilegan markað:

„Meðal þátta sem skipa máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

Ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en fjallað skal stuttlega um samrunaaðila og þá markaði sem samrunaaðilar starfa á hér á eftir.

1.1 Áltak ehf.

Áltak ehf. starfar á byggingamarkaði, þ.e. þeim hluta hans sem lýtur að klæðningum, innanhúss sem utan. Fyrirtækið framleiðir og selur þak- og veggklæðningar utanhúss, þakglugga, festingar, undirkerfi og reykræstibúnað, svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt selur fyrirtækið kerfisloft og –veggi, innihurðir og reyk- og eldvarnartjöld. Auk þess starfrækir Áltak mótaleigu þar sem unnt er að fá leigð steypumót til húsbygginga, en félagið á einnig tiltekna vörur á lager sem boðnar eru til sölu þessu tengt, svo sem plötur, mótakrossvið, o.fl.

1.2 Rekstrarfélagið Klettagarðar ehf.

Rekstrarfélagið Klettagarðar ehf. eru eins og áður sagði félag sem stofnað var í þeim tilgangi að fara með hluti í Áltaki ehf. og hefur ekki með höndum aðra starfsemi.



1.3 Akso ehf.

Akso ehf. er eignarhaldsfélag sem heldur utan um eignir í Rekstrarfélaginu Klettagörðum ehf., S. Guðjónssyni ehf. og meirihlutaeign í Johan Rönning ehf.

Akso ehf. er í eigu tveggja einstaklinga að jöfnu. Sömu einstaklingar eru auk þess eigendur að fleiri félögum, til að mynda að Módelhúsum ehf. sem fæst við byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og starfar því á skyldum markaði og Áltak ehf. að nokkru leyti.

1.4 S. Guðjónsson ehf.

S. Guðjónsson ehf. er félag sem starfar aðallega við innflutning á lýsinga-, raf- og tölvulagnabúnaði. Helstu viðskiptavinir þess eru verktakar, arkitektar, rafvirkjar og aðrir iðnaðarmenn. Félagið býður upp á lausnir í innfelldum lýsingum, sem fela í sér loftaplötur, en markaðshlutdeild félagsins þar er lág og er ekki í samkeppni við vörur Áltaks ehf., en Áltak ehf. býður ekki upp á loftaplötur með rafmagni.

1.5 Johan Rönning ehf.

Johan Rönning ehf. er sérverslun sem leggur áherslu á að þjóna fyrirtækjamarkaði. Stærsta svið félagsins annast sölu á rafbúnaði, allt frá smáspennu til háspennu. Meginstarfsemi rafbúnaðarsviðs félagsins felst í þjónustu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað. Annað stærsta svið félagsins, með rúmlega 15% af heildarsölu félagsins, er rekið sem sérstök deild undir nafninu Sindri. Sindri flytur inn og selur rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. Sindri býður einnig upp á sérhæfðar lausnir í byggingadeild svo sem flóttastiga, ristar og þrep, bílskúrs- og iðnaðarhurðar, lagerhillur og brettarekka. Sindri býður almennt hvorki upp á klæðningar né undirkerfi. Þriðja og minnsta svið félagsins er rekið undir nafninu Hebron, en sú rekstrareining þjónar iðnaðar- og byggingamarkaðnum með vinnuföt, öryggisskó og aðrar öryggisvörur.

2. Möguleg samkeppnisleg áhrif samruna

Líkt og sjá má hér á undan starfa samrunaaðilar að mestu á ólíkum mörkuðum. Þeir vöru- og þjónustumarkaðir sem hugsanlega gætu orðið fyrir áhrifum vegna þeirra viðskipta sem ákvörðun þessi fjallar um eru sá hluti byggingamarkaðar sem lýtur að klæðningum, bæði innanhúss og utan, sem og markaður fyrir mótaleigu. Hins vegar liggur fyrir að S. Guðjónsson selur innfelldar lýsingar sem fela í sér loftaplötur en Áltak selur ekki loftaplötur með rafmagni sem og að Sindri selur að einhverju leyti festingavörur en Áltak verslar með festingar sem ætlaðar eru fyrir undirbyggingakerfi undir klæðningar. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans því engin.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Þá er það mat eftirlitsins að hann raski ekki samkeppni á mörkuðum málsins að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.



III.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Rekstrarfélagsins Klettagarða ehf. á öllu hlutafé í Áltaki ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson